

Þjónustusamningur um rekstur ljósleiðarakerfis

Flóaljós, kt. 490118-0980, í þessum samningi nefnt eigandi, og Snerra ehf, kt. 460916-0460, hér eftir nefnd verktaki, gera með sér eftirfarandi samning um rekstur á ljósleiðarakerfi Flóaljóss.

1. Markmið

1.1

Meginmarkmið þessa samnings er að skýra út verkaskiptingu, viðbrögð og verklag við rekstur ljósleiðarakerfi eiganda og með því stuðla að hnökralausum og farsælum rekstri ljósleiðarakerfisins gagnvart eiganda, notendum og öðrum hagsmunaaðilum.

2. Ástæður þessa samnings

2.1

Rekstur fjarskiptakerfa er ekki hluti af lögbundnu hlutverki sveitarfélaga. Sveitarfélagið Flóahreppur lagði ljósleiðarakerfi um sveitarfélagið á grundvelli undanþága frá ríkisstyrkjareglum og fjármagnaði framkvæmdina með styrk frá Fjarskiptasjóði ásamt fé úr sveitarsjóði og stofnframlagi íbúa. Ljósleiðarakerfið gegnir mikilvægu hlutverki fyrir íbúa og rekstraraðila innan sveitarfélagsins. Um rekstur fjarskiptakerfa gilda m.a. Lög um fjarskipti nr. 81/2003 og er markaður fjarskipta samkeppnismarkaður. Innviðir sveitarfélagsins til reksturs ljósleiðarakerfis eru takmarkaðir og því er samningur þessi gerður til þess að auka líkur á hnökralausum rekstri kerfisins.

Í eftirfarandi viðaukum er gerð grein fyrir þeim þáttum sem samningur þessi nær til. Þar er verkaskipting, viðbragð, hlutverk, tímasetningar og meðferð kostnaðar skilgreint :

A) Viðauki 1 – Rekstrarhandbók_Flóaljóss_V1_0_08112021

B) Viðauki 2—Innan_utan_samnings_kostnaður_V1_0_08112021

Framangreindir viðaukar eru hluti þessa samnings. Á gildistíma samningsins geta viðaukar tekið breytingum eftir því sem reynsla á rekstri vindur fram. Að því gefnu að samningsaðila samþykki sannanlega þær breytingar sem gerðar verða á viðaukum gildir samningurinn óbreyttur eftir gildandi og samþykktum viðauka hverju sinni.

3. Gildistími, endurnýjun og uppsögn

3.1

Samningur þessi tekur gildi við undirritun. Samningurinn gildir í tólf mánuði frá undirritun. Samningsaðilar geta, hvor um sig, sagt samningnum upp. Uppsögn skal vera skrifleg og sannanlega berast viðsemjanda með hið minnsta sex mánaða fyrirvara. Berist uppsögn á samningi þessum ekki með sex mánaða fyrirvara framlengist samningurinn sjálfkrafa um eitt ár í senn.

3.2

Samningsaðilar geta óskað eftir breytingu á samningnum án þess að til uppsagnar hans komi. Slík ósk skal berast viðsemjanda með sex mánaða fyrirvara. Ósk um breytingu á samningi er ekki ígildi uppsagnar á honum.

4. Greiðslur

4.1

Markmið með greiðslufyrirkomulagi er að endurgjald fyrir veitta þjónustu verktaka sé sanngjarnt endurgjald, að eigandi njóti sem mestra tekna af rekstri ljósleiðarakerfisins, að það séu sameiginlegir hagsmunir samningsaðila að hámarka tekjur af rekstri ljósleiðarakerfis eiganda.

4.2

Til þess að ná ofangreindu markmiði fram tekur greiðsla eiganda til verktaka mið af rekstrartekjum af ljósleiðarakerfinu. Verktaki gefur út reikning mánaðarlega með eindaga 20 dögum eftir útgáfu

reiknings. Upphæð reiknings hverju sinni er 18% af tekjum af ljósleiðarakerfi eiganda undangenginn mánuð.

5. Ábyrgð

5.1

Þjónustusamningi þessum er ætlað að auka líkur á farsælum og hnökralausum rekstri ljósleiðarakerfis eiganda. Samningurinn hefur ekki áhrif á rekstrarlega ábyrgð né ábyrgð gagnvart þriðja aðila vegna beinna eða óbeinna tjóna sem af rekstri ljósleiðarakerfisins kann að hljóttast. Ábyrgð á rekstri ljósleiðarakerfis eiganda er því eftir sem áður á ábyrgð eiganda og yfirfærast sú ábyrgð ekki til verktaka með samningi þessum. Verktaki er því ekki ábyrgur gagnvart þriðja aðila, hvort sem um ræðir eftirlitsstofnun, notendur eða annarra hagsmunaaðila.

5.2

Sveitarstjóri, fyrir hönd eiganda, er ábyrgur gagnvart eftirfylgni á framgangi þess sem samningurinn nær til.

6. Meðferð ágreiningsmála

6.1

Rísi ágreiningur út af samningi þessum og aðilar ná ekki samkomulagi um ágreiningsefnið skal reka málið samkvæmt íslenskum lögum fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

7. Annað

7.1

Samningur þessi, sem telur tvær tölusettar blaðsíður, skal undirritaður hér að neðan með fullu nafni og upphafsstöfum á fyrri blaðsíðu. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Þá skulu samningsaðilar jafnframt rita upphafsstafi sína á viðauka, sbr. grein 2.1.

Staður: _____

Dagsetning: _____

F.h. Flóaljóss

F.h. Snerru ehf

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

Nafn: _____ kt.

Nafn: _____ kt.